

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brasílu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 56.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 57.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 11. september 1953, nr. 58.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 1. október 1953, undirskrifað af forsetanum 17. september 1953, nr. 59.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 60.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 61.

Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. október 1953, nr. 62.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu, undirskrifuð af forsetanum 6. nóvember 1953, nr. 63.

Lög um breytingu á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skoðverkadri sild, undirskrifuð af forsetanum 9. nóvember 1953, nr. 64.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Sigluffjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði, undirskrifuð af forsetanum 11. nóvember 1953, nr. 65.

Lög um breytingu á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 66.

Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. nóvember 1953, nr. 67.

Lög um breytingu á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breytingu á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breytingu á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 19. nóvember 1953, nr. 68.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Vigfúsar J. Hjaltalín-177 lín, Brokey“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. sept. 28. sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vigfúsar J. Hjaltalín, Brokey.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vigfúsar J. Hjaltalín, Brokey.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Hann er stofnaður af Kristjönu Kristjánsdóttur Hjaltalín, til minningar um mann hennar, Vigfús Jónsson Hjaltalín, fæddan 4. október 1862, dáinn 3. júlí 1952, er lifði allan aldur sinn í Brokey og liggur í kirkjugarðinum á Narfeyri.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast við höfuðstól hans.

Allir vextir skulu lagðir við höfuðstól í næstu 10 ár, en að þeim tíma liðnum má ráðstafa $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta. $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 100 000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur, en þá má veita $\frac{1}{10}$ hluta vaxtanna. $\frac{1}{10}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða annarri hliðstæðri stofnun.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fegra Narfeyrarkirkju og Narfeyrarkirkjugarð. Verði sú breyting á, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður, þá skal sjóðurinn að öllu eign Narfeyrarkirkjugarðs og tekjur hans eingöngu ganga til viðhalds og fegrunar núverandi kirkjugarði á Narfeyri.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Reikningshaldari Narfeyrarkirkju skal hafa reikningshald sjóðsins með höndum og vera í stjórn hans. Fari svo, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður og söfnuðurinn sameinaður öðrum söfnuði, skal reikningshaldari þess safnaðar taka sæti í stjórninni sem reikningshaldari sjóðsins.

Meðstjórnendur verði viðkomandi sóknarprestur, svo og ættingi Vigfúsar, ef búsettur er í sókninni, og skal hann valinn af sóknarnefnd. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með reikningum kirkjunnar og látinn fylgja þeim, enda verði hann eins og þeir undir yfirumsjón biskups.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Brokey, 21. júlí 1952.

Kristjana Kr. Hjaltalín.

AUGLÝSING

um bann við sölu á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

Samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, og samkvæmt tillögum Grænmetisverzlunar ríkisins, er verzlunum hér með bönnuð sala á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum frá 50 til 3000 kr., ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt lögum.